

8. gr.

124

Hreinsunarmaður annast útvegum meðala og baðlyfja, er borgast úr bæjarsjóði. Fyrir hreinsun hvers hunds fær hreinsunarmaður 1 krónu úr bæjarsjóði. 26. okt.

9. gr.

Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullir finnast í, að grafa þegar í stað slátur það, sem sullmengað er, að meðtöldum hausum af höfuðsóttar-kindum, svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða að brenna það. Honum er og skylt að varna því, að hundar komi á blóðvöllinn.

Hreinsunarmaður skal einnig hafa eftirlit með að þessu ákvæði sé hlýtt.

10. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóv. 1910 og varða brot gegn henni 1—10 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi hennar 20. okt. 1910.

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur, 26. okt. 1910.

Páll Einarsson.

Samþykkt

125

27. okt.

um kornforðabúr Grímseyjarhrepps.

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909, gjört svolátandi samþykkt um kornforðabúr í Grímsey.

125

27. okt.

1. gr.
Tilgangur forðabúrsins er sá að koma í veg fyrir hættu af fódurskortu búpenings.

2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir stjórn hreppsnefndar. Kostnaðurinn við það greiðist úr sveitarsjóði, og tekjur af því renna í sama sjóð, en þó hefir forðabúrið sérstakan reikning, og skal hann ásamt skýrslu um það árlega sendur sýslunefnd ásamt hreppsreikningnum.

3. gr.

Þá er þess er þörf lánar hreppsnefnd hreppsbúum korn úr búrinu til skepnufóðurs. Sá er slíkt lán fær, greiðir um leið og hann fær heimild fyrir láninu 1 eyri fyrir hvert kornpund, er hann fær leyfi fyrir, og fær hann það gjald eigi endurgoldið þótt hann taki eigi kornið.

4. gr.

Þá er það er útséð eitthvert vor, að eigi þarf meira að taka til kornsins í það sinn til skepnufóðurs en orðið er, má lána kornið til manneldis.

5. gr.

Kornlán öll úr búrinu skulu greidd innan loka ágústmánaðar með jafnmiklu korni og jafngóðu, fluttu að búrinu. Sé kornlán eigi endurgoldið að fullu á réttum tíma, skal hreppsnefnd kaupa það er á vantar og láta flytja að búrinu, hvorttveggja á kostnað lántakanda. Skal það gert fyrir veturnætur, svo að í vetrarbyrjun sé jafnan fyrir hendi í búrinu hinn ákveðni kornforði.

6. gr.

Sá, er kornlán fær eftir 3. eða 4. gr., greiðir þeim, er forðabúrið varðveitir, um leið og hann tekur við korninu 1 kr. fyrir hver 200 pund eða minna, og 20 auru fyrir hver 100 pund, sem framyfir eru, og að auki 40 auru í hvert sinn, ef kornið er tekið oftar en einu sinni.

7. gr.

Kornlán og endurgreiðsla korns skal standa á heilum hundruðum punda.

8. gr.

Komi það í ljós, að einhver hreppsbúa misbrúki forðabúrið á þann hátt að setja óvarlega á hey sín, og þurfi því oftar en í eitt sinn á kornláni að halda til skepnufóðurs, án þess að mikil harðindi séu eða ófyrirsjáanleg atvik valdi, skal hreppsnefndin láta hann vita, að framvegis geti hann ekki vænst meira kornláns úr búrinu en honum ber að réttu til tölðu við aðra hreppsbúa eftir fénaðarfjölda þeim, er hæfilegt hefði verið að setja á heyin eftir staðháttum og sveitarvenju.

9. gr.

125

27. okt.

Korn það, sem ekki er lánað út að vorinu, skal endurnýja að sumrinu eftir því sem þörf þykir. Hreppsþúar skifta um kornið ókeypis eftir samkomu-
lagi, ella eftir niðurfjöfnun, er hreppsnefnd gerir eftir ástæðum. Ef einhver hrepps-
þúá lætur það ógert að sínum hluta, fyrirgerir hann með því rétti sínum til að
fá framvegis kornlán úr búrinu.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt framangreindum lögum og
öðlast gildi 1. nóvbr. 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 27. október 1910.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reikningur

126

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs fyrir fátækar ekkjur og munaðarlaus börn
í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað árið 1909.

Tekjur:

1. Eign frá fyrra ári:			
a. Einarsstaðir og Pétursborg	Kr.	2000 00	
b. Veðdeildarbréf II A. 7, II B. 3	—	1500 00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	306 02	
			Kr. 3806 02
2. Afgjöld af jörðum:			
a. Einarsstöðum 220 al. $\frac{0}{55}$	Kr.	121 00	
b. Pétursborg 100 al. $\frac{0}{55}$	—	55 00	
			— 176 00
3. Fundið í gjafahirzlu			— 1 90
4. Vextir af innstæðu:			
a. Af veðdeildarbréfum	Kr.	67 50	
b. — sparisjóðsfé	—	12 23	
			— 79 73
5. Styrkur frá legatsjóði Jóns Sigurðssonar			— 300 00
6. Gjóf frá Etatsráði J. V. Havstein			— 20 00
	Samtals	Kr.	4383 65